

Sp.

77. Beiðni um skýrslu

frá fjármálaráðherra um heildarendurskoðun lífeyrismála.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Kristófer Má Kristinssyni og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um störf stjórnskipaðrar nefndar sem með erindisbréfi fjármálaráðherra, dags. 20. júlí 1976, var falið að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins.

Í skýrslunni komi sérstaklega fram hvaða áform séu helst uppi til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febrúar 1976:

- að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna,
- að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma,
- að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta,
- að lífeyrisaldur geti, innan vissra marka, verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega,
- að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Einnig er óskað eftirfarandi upplýsinga:

- a. Hver er fjárhagsstaða lífeyrissjóðanna og hversu vel eru þeir búnir undir að standa við skuldbindingar sínar?
- b. Hvaða áhrif mun breytt aldurskipting hafa á skuldbindingar sjóðanna á komandi árum:
 - (i) 1984—1989,
 - (ii) 1990—1994,
 - (iii) 1995—2000?
- c. Hvernig hefur tekist að samræma lífeyrisrétt og bótaákvæði í reglum sjóðanna?
- d. Hver eru áhrif fullrar sjóðssöfnunar annars vegar og hins vegar gegnumstreymiskerfis á viðgang sjóðanna og iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga?
- e. Hvaða áform eru uppi til að tryggja lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks?
- f. Hvenær má gera ráð fyrir að upplýsingastreymi frá lífeyrissjóðunum verði með þeim hætti að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 16. október 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Karvel Pálmason.
Karl Steinar Guðnason.

Eiður Guðnason.
Jón Baldvin Hannibalsson.
Kjartan Jóhannsson.
Stefán Benediktsson.

Guðmundur Einarsson.
Kolbrún Jónsdóttir.
Kristófer Már Kristinsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa á Alþingi verið lagðar fram nokkrum sinnum þingsályktunartillögur og frumvörp um málefni lífeyrissjóða. Í því sambandi má benda á þingsályktunartillögu, sem flutt var 1980, um framtíðarskipan lífeyrismála, svo og að á nokkrum þingum hefur verið lagt fram frumvarp um Lífeyrissjóð Íslands. Fleiri tillögur hafa einnig verið fluttar sem lúta að lífeyrismálum, t. a. m. tvær tillögur sem fluttar voru á síðasta þingi og tryggja áttu rétt heimavinnandi fólks til lífeyris.

Segja má að allar tillögur og frumvörp, sem flutt hafa verið af einstökum alþingismönnum á undanförnum árum, hafi sætt sömu meðferð. Til þess er ávallt vísað í umsögnum að heildarendurskoðun lífeyriskerfisins standi yfir og tvær stjórnskipaðar nefndir hafi unnið að þeim málum á undanförnum árum og því ekki tímabært að gera neinar breytingar í lífeyrismálum fyrr en niðurstaða af starfi þeirra liggja fyrir.

Í erindi, sem Hallgrímur Snorrason, þá formaður átta manna lífeyrisnefndar, flutti á aðalfundi Sambands almennra lífeyrissjóða 19. nóvember 1981, kom fram að á grundvelli lífeyrissamkomulags ASÍ og vinnuveitenda í ferbrúar 1976 hafi það ár verið skipaðar tvær nefndir til þess að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfis í samræmi við markmið samkomulagsins. Önnur nefndin var skipuð 17 mönnum og henni ætlað að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun á lífeyrisskipan og tillögugerð um nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Innan 17 manna nefndarinnar hefur hin svonefnda 8 manna nefnd starfað en þeirri nefnd er sérstaklega ætlað að fjalla um málefni lífeyrisþega á samningssviði aðila lífeyrissamkomulagsins frá 1976 og 1977, þ. e. ASÍ, FFSÍ, VSI og VSS.

Þessar stjórnskipuðu nefndir, sem falið var að semja tillögur um nýskipan lífeyrismála, hafa nú starfað í 8 ár. Á þessum árum hefur verið sett löggöf um eftirlaun til aldraðra, lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og um skráningu lífeyrisréttinda.

Þótt ýmsir áfangar hafi náðst í lífeyrisréttindamálum á undanförnum árum þá er ekki fyrirsjáanlegt samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn eða að í augsýn sé sú nýskipan lífeyriskerfisins sem að var stefnt.

Ljóst er að heildarendurskoðun á lífeyrisskipan og nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn er umfangsmikið og vandasamt verkefni enda hefur ítarleg athugun og umfjöllun átt sér stað á undanförnum árum um þessi mál, ekki síst í þeirri nefnd sem falin var heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu.

Í ljósi þeirra ítarlegu athugana sem gerðar hafa verið og hve lengi lífeyrisnefndin hefur setið á rökstólum um þessi mál þykir nú tímabært að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um störf lífeyrisnefndarinnar, svo og um hvaða áform séu uppi um nýskipan lífeyrismála hér á landi.

Af því tilefni er þessi beiðni um skýrslu um málefni lífeyrissjóða og framtíðarskipan þeirra mála fram borin enda eðlilegt að Alþingi sé upplýst um störf nefndarinnar því að ávallt er vísað í störf hennar þegar reynt er að koma fram breytingum á Alþingi til þess að leiðrétta ýmsa augljósa ágalla sem eru á lífeyrisréttindakerfinu hér á landi.